Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 16


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

25.0
———
1911.

Vitabyggingar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TH. KRABBE
LANDSVERKFRÆÐINGUR

Reykjavík, 19 Aug 1911
Island







Husene önskes hvidmalede med 1 lodret rød Stribe midt paa Forsiden, saa bred som Vinduet.




Th. Krabbe

Til
Borgmesteren.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

229,84

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25-0
___
1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Sveinn Björnsson*
*yfirdómslögmaður*

*Reykjavík* 18. október 1918.

Það hefir um langan tíma verið rætt um það meðal málsfærslumanna hjer í Reykjavík að æskilegt væri að fá gjörðar breytingar á bæjarþingsstofunni í þá átt, að nokkuð meira hagræði væri þar fyrir málsfærslumennina en nú er. Einsog nú er, en málsfærslumönnum ætlaður bekkur fyrir framan dómgrindurnar meðal rjettarvotta, vitna og annara sem vilja hlýða á það sem fram fer í bæjarþinginu. Þetta gjörir málsfærslumönnum oft óþægindi sjerstaklega þegar þeir þurfa að flytja mál með tilfærslum til bóka, svo og við vitnaleiðslur.

Hefir þetta mál verið rætt á fundi í Málflutningsmannafjelagi Íslands og stjórn fjelagsins falið að fara fram á það við yður, herra bæjarfógeti, að fá úr þessu bætt. Uppástungur vorar um endurbótina fara í þá átt sem hjer segir.

Fyrir innan dómgrindurnar milli veggjarins og dómgrindanna sem nú eru og lóðrjett á þær sjeu gjörðar dómgrindur eða borð, sem sje svo breitt að ofan að setja megi við skriptir við það. Á þessum dómgrindum eða borði sje hlið á þeim endanum sem næstur er núverandi dómgrindum, úr stúku þeirri sem þannig myndast, inn að dómborðinu. Á veggnum milli yfirrjettarsalsins og bæjarþingssalsins sje snagaröð fyrir yfirhafnir málsfærslumanna. Þar mætti og hafa sæti fyrir málsfærslumenn þá, sem í bili ekki taka þátt í máli fyrir rjettinum. Skápur sá, sem nú er fyrir innan grindurnar sje tekinn í burtu og á þann stað sem hann stendur sje settur annar skápur sem sje þannig útbúinn að í honum sjeu alt að 20 skúffum með læsingu fyrir, og hafi hver málsfærslumaður fyrir sig eina slíka skúffu til afnota fyrir skjöl sín, ef til vill gegn árlegu endurgjaldi. Í skápnum mætti jafnframt gjöra rúm fyrir það, sem er talið nauðsynlegt að hafa í skáp þeim, sem nú er á bæjarþingsstofunni.

Oss er það ljóst að breytingar þessar kosta nokkuð fje, en vjer væntum að ekki verði í það horft, þegar tillit er tekið til þess hve ófullnægjandi er útbúnaðurinn sem nú er. Einsog vikið er að, mætti fá nokkuð upp í kostnaðinn með því að taka gjald fyrir skúffurnar og ekki en loku skotið fyrir það að málsfærslumenn vildu úr sínum vasa leggja

Borgarstjórinn í Reykjavík 2/11 1919 5/11
Bæjarfógetinn í Reykjavík Dagbók 1918 No. 2
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eitthvað af mörkum til þess að fá þessa endurbót, ef þess yrði óskað.

Virðingarfylst

F.h.stjórnar Málflutningsmannafjelags Íslands

p.t. formaður

Til

bæjarfógetans Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25-0
1919

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig: D/41

Í tilefni af erindi "Málaflutningsfjelags Íslands" um breytingar á bæjarþingstofunni hefir bæjarstjórnin eftir tillögu fjárhagsnefndar samþykt að fela bæjarverkfræðing að gera uppdrátt og kostnaðaráætlun yfir breytinguna.

Bið jeg yður því hjer með, herra bæjarverkfræðingur, að gera tjeðan uppdrátt og kostnaðaráætlum, og legg hjer með brjef málaflutningsmannafjelagsins mál þetta áhrærandi, svo að þjer getið kynt yður í hverju breytingar þær eru fólgnar, sem óskað er eftir.

K. Zimsen

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur